

# Sérfræðingur og rannsóknamaður á nýja starfsstöð í Neskaupsstað

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða í tvö störf við nýja starfsstöð stofnunarinnar í Neskaupsstað. Um er að ræða störf sérfræðings og rannsóknamanns á Uppsjársviði. Ætlunin er að ráða í störfin frá og með 1. janúar 2021.

## Sérfræðingur á starfsstöð í Neskaupsstað

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í fiskifræði eða skyldum greinum á nýja starfsstöð í Neskaupsstað. Starfið felst í fjölbreyttri rannsóknavinnu við öflun og úrvinnslu gagna, skýrslu- og greinaskrifum. Í starfinu fellst samstarf og samskipti við bæði aðra starfsmenn stofnunarinnar og fólk í iðnaðinum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með sýnatöku úr afla á Austfjörðum
- Sinna ýmisskonar rannsóknum stofnunarinnar á Austurlandi
- Verkstjórn á starfsstöð stofnunarinnar í Neskaupsstað
- Mótun nýrra rannsóknaverkefna
- Verkefni stofnunarinnar sem hæfa reynslu og menntun viðkomandi

### Hæfnikröfur

- Framhaldsmenntun á sviði fiskifræði, sjávarvistfræði eða skyldum greinum
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Getu til að vinna sjálfstætt, viðhafa vönduð vinnubrögð og metnað
- Góð samstarfs- og samskiptafærni
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Rannsóknamaður á starfsstöð í Neskaupsstað

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða rannsóknamann í sýna og gagnavinnslu á nýja starfsstöð stofnunarinnar í Neskaupsstað. Starfið felst í fjölbreyttri vinnu við öflun og úrvinnslu gagna í landi og í rannsóknaleiðöngrum á sjó.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Tekur þátt í landssýnatökum.
- Tekur þátt í rannsóknaleiðöngrum
- Innsláttur gagna í gagnagrunn
- Úrvinnsla sýna
- Líffræðilegar greiningar
- Úrvinnsla sýna
- Önnur tilfallandi verkefni á starfsstöðinni í Neskaupsstað

### Hæfnikröfur

- Þarf að geta unnið sjálfstætt.
- Dugnaður, frumkvæði sem og lipurð í samskiptum og samstarfi eru nauðsynlegir eiginleikar.
- Kostur er ef umsækjandi hefur B.S. próf í líffræði eða skyldum greinum en ekki skilyrði.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Frekari upplýsingar um störfin

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert.

### Umsókn skal fylgja:

- Ítarleg náms- og ferilskrá
- Afrit af prófskírteinum
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið
- Tilnefna skal tvo meðmælendur

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með 30. nóvember 2020.

Sótt er um starfið á Starfatorgi. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h ríkissjóðs og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Gerð er krafa um að umsækjendur hafi hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknir til greina. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur. Hafrannsóknastofnun áskilur sér jafnframt rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri Uppsjársviðs, guðmundur.j.oskarsson@hafogvatn.is og Berglind Björk Hreinsdóttir, mannauðsstjóri Hafrannsóknastofnunar, berglind@hafogvatn.is.

Við ráðningu í störf hjá Hafrannsóknastofnun er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar: <https://www.hafogvatn.is/is/um-okkur/hafrannsoknastofnun/stefnur/jafnrettisaetlun>

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði hafs- og vatnarrannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi sjálfbæra nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna og í fiskeldi. Hún heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Hafnarfirði starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni.